

Fundur skipulags- og samgönguráðs 29. september 2021:

Tillaga áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins um að byggð verði önnur sundlaug í Breiðholti – US210272

Fulltrúi Flokks fólksins leggur til að byggð verði önnur sundlaug í Breiðholti sem dæmi í Seljahverfi eða við íþróttasvæði ÍR? Nýtt hverfisSKIPULAG fyrir öll hverfi Breiðholts hefur verið í umræðunni í vetur og hefur verið kynnt Breiðhyltingum. Í Breiðholti er ein sundlaug, Sundlaug Breiðholts. Í hverfinu öllu búa 22 - 24 þúsund manns. Það segir sig sjálf að ein sundlaug dugar varla til að annast þjónustu við hverfisbúa. Áætlað er að byggja mikið í Breiðholti næstu misserin sbr. nýtt hverfisSKIPULAG. Um er að ræða allt að 2000 íbúðir þegar allt er tiltekið þar af nýjar íbúðir í Mjódd gætu orðið ca. 600 og aukaíbúðir í sérbýli mögulega ca. 500-700. Sjá má hvernig nýtingatölur í Sundlaug Breiðholts hafa hækkað jafnt og þétt frá 2009. World Class opnaði líkamsræktarstöð við hlið laugarinnar 2017 og fjölgað gestum laugarinnar þá umtalsvert. Árið 2009 var aðsókn 204.047 en árið 2019 432.219. Til samanburðar eru 3 sundlaugar í Hafnarfirði en þar búa ca. um 28 þúsund manns.

Greinargerð

Í Breiðholtslaug koma ekki einungis Breiðhyltingar heldur einnig fólk úr Norðlingaholti. Nú er staðan þannig að erfitt ef ekki ógerlegt er að fara í sund milli 8-16. Vissulega er skólasund í forgangi en það er ekki ásættanlegt að almenningur eigi þess ekki kost að fara í sund nema á kvöldin til að synda. Breiðhyltingar eru jafnvel farnir að aka í önnur sveitarfélög til þess að fara í sund. Fulltrúi Flokks fólksins vill að skoðað verði fyrir alvöru að bæta við annarri sundlaug í Breiðholtinu. Þetta er góð líkamsrækt og gott fyrir heilsuna. Ekki hafa allir efni á líkamsræktarkorti.